

100 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um umburðarbrjef til allra
30. júlí lögreglustjóra út af farmannalög unnum 22. marz þ. á.

Um leið og jeg hjálægt sendi yður, herra landshöfðingi, nokkur eintök af um-
burðarbrjefi til allra lögreglustjóra utan Kaupmannahafnar, útgefnu af dómsmálastjórn-
inni, þar sem þeim eru tjáðar nauðsynlegar fyrirskipanir með tilliti til aðgjörða þeirra,
sem í 2., 4., 5. og 52. gr. farmannalaga 22. marz þ. á. er gjört ráð fyrir að ýmsir valds-
menn í konungsríkinu inni af hendi, og jafnframt get þess, að dómsmálaritaranum við
sjómála- og verzlunarrjettinn í Kaupmannahöfn, lögreglustjóranum sama staðar og lög-
regluembættismönnunum á Færeyjum hefur verið gjörð vísbending á sama hátt, vil jeg
hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að þjer þóknanlega leggið
fyrir alla lögreglustjóra á Íslandi, að inna samskonar störf af hendi gagnvart dönskum
skipum, þegar svo kann undir að bera, og eins stendur á.

101

UMBURÐARBRJEF

til allra lögreglustjóra utan Kaupmannahafnar.

Að þar til gefnu tilefni vill dómsmálastjórnin, jafnframt því að leiða athygli
yðar að 2., 4., 5. og 52. gr. í íslenskum farmannalögum 22. marz þ. á. (nr. 14 í við-
bæti við lögtíðindi 1890), þjónustusamlega skora á yður, að þjer samkvæmt reglum
þeim, sem nákvæmar eru teknar fram í nefndum lagagreinum:

1. löggildið kauplaust leiðarbók þá, sem lögboðin er í 1. gr. laganna, þegar svo ber
undir, sem ráð er fyrir gjört í 2. gr., að bókin verði útskrifuð á langri ferð, og
þá samkvæmt nefndri grein getið þess í hinni eldri bók.
2. sömuleiðis kauplaust ritið í leiðarbækur vottorð þau, sem um ræðir í 4. og
5. gr.
3. takið á móti skýrslu um afbrot þau, sem framin hafa verið, þegar svo ber undir
sem ráð er fyrir gjört í 52. gr., rannsakið afbrotið, og gjörið þann úrskurð og ef til
kemur þær ráðstafanir, sem um ræðir í lagagreininni.

Því skal við bætt, að kostnaður sá, sem af síðastnefndum ráðstöfunum leiðir,
mun verða endurgoldinn af ráðgjafanum fyrir Ísland, er til hans er leitað gegnum
dómsmálastjórnina.

I dómsmálastjórninni, 26. júní 1890.

J. Nellemann.

E. Hvidt
fm.

98

(framh.)

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 16.—18. júní 1890.

(Framh.) Amtsráðið ályktaði, að 600 kr. af sjóðnum skyldu greiddast í sýslu-
sjóð Eyjafjarðarsýslu, til endurgjalds framlagi til skólans á árinu 1883, og 4 %
leigum frá 1883—1888 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 2. og 3. júní 1885,
26, Stjórnartíðindi 1885, B, bls. 94, og skýrslu um fund amtsráðsins, 28. og 29.
júní 1888, Stjórnartíðindi 1888, B, bls. 114).

Amtsráðið ályktaði, að hluti Búnaðarskólaskólans frá Eyjafjarðarsýslu að
öðru leyti og frá Suður-þingeyjarsýslu, skyldi afhendast stjórnarnefnd skólans,